

Vatnsendi í Flóahreppi

Lýsing deiliskipulagsáætlunar



Júlí 2015

Lýsing deiliskipulagsáætlunar fyrir Vatnsenda, Flóahreppi, skv. 2. málsgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Almennar upplýsingar

Fyrirhugað er að stækka og endurnýja húsakost alifuglabúsins að Vatnsenda, landnr. 166394, í Flóahreppi, þar sem starfrækt er kjúklingabúið Vor. Til stendur að byggja ný alifuglahús norðan Villingaholtsvegur. Stærð alifuglabúsins að Vatnsenda verður innan marka matskyldu sem tilgreind er í lögum um mat á umhverfisáhrifum. EFLA verkfræðistofa var fengin til þess að vinna deiliskipulagstillögu fyrir væntanlegt skipulagssvæði.

Aðstæður á skipulagssvæðinu

Á nýrri lóð sem stofnuð verður úr jörðinni Vatnsenda og deiliskipulagstillagan nær til eru engin mannvirki fyrir. Fyrirhugað skipulagssvæði er norðan Villingaholtsvegur nr. 305, gegnt bæjarhlaðinu að Vatnsenda. Á skipulagssvæðinu er fyrirhuguð bygging 6 alifuglahúsa. Aðkoma er frá Villingaholtsvegi um aðkomuvegi að Þingdal. Sunnan Villingaholtsvegur, á bæjarhlaðinu í Vatnsenda, stendur núverandi húsakostur alifuglabúsins. Á meðfylgjandi mynd sést skipulagssvæðið (blá brotalína), afmörkun nýrrar lóðar (gul lína) ásamt byggingareit (hvít brotalína) vegna væntanlegra bygginga. Þá eru einnig sýnd 50m fjarlægðarmörk frá byggingareit samkvæmt reglugerð nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína (græn lína) auk 50m fjarlægðar frá vegi samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 (ljósblá brotalína).



Mynd 1. Yfirlitsmynd af væntanlegu skipulagssvæði og nágrenni.

Fyrirhugað deiliskipulag

Byggingar - Fyrirhugað er bygging 6 alifuglahúsa fyrir allt að 80.000 kjúklinga. Stærð hvers húss yrði allt að 1000m² (lengd allt að 70m) og munu snúa í A-V stefnu. Austur af alifuglahúsunum verður byggð áburðargeymsla/haugþró, sem tekur 6 mánaða birgðir af alifuglaskít.


Aðkoma - Aðkoma er frá Villingaholtsvegi nr. 305, sem er tengivegur, um aðkomuveg að Þingdal.

Veitur - Byggingar á skipulagssvæðinu munu tengjast inn á rafveitukerfi Rarik. Kalt vatn kemur frá vatnsveitu Flóahrepps. Ekki er um hitaveitu að ræða. Fráveitumannvirki verður staðsett sunnarlega á byggingareit.

Fornleifar - Minjastofnun Íslands verður sendur uppdráttur af skipulagssvæðinu og óskað eftir umsögn stofnunarinnar um væntanlegar framkvæmdir.

Fyrirliggjandi stefna sveitarfélagsins

Á Vatnsenda hefur verið rekið alifuglabú allt frá árinu 1978. Í aðalskipulagi Flóahrepps 2006 – 2018 í fyrrum Villingaholtshreppi er svæðið sem hér um ræðir skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Tilgreint er í aðalskipulaginu að á landbúnaðarsvæðum sé einkum gert ráð fyrir byggingum og starfsemi sem tengist búrekstri á jörðunum (bls. 60 og 62). Deiliskipulagstillagan verður í samræmi við aðalskipulag sveitarfélagsins. Hér fyrir neðan er yfirlitsmynd gildandi aðalskipulags Flóahrepps 2006 - 2018.



Mynd 2. Yfirlitsmynd aðalskipulags Flóahrepps 2006 – 2018 í fyrrum Villingaholtshreppi.

Umhverfisáhrif

Fyrirhugaðar framkvæmdir að Vatnsenda og stækkun alifuglabúsins fellur undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 1.10 í 1. viðauka, flokk B.

Við gerð deiliskipulagsins verða líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi metin í samræmi við fyrirmæli í gr. 5.4.1. í skipulagsreglugerð. Metin verða hugsanleg áhrif á aðliggjandi svæði og einstaka umhverfisþætti, s.s. vatn, gróður og ásýnd lands. Niðurstöðu matsins verður lýst í greinargerð deiliskipulagsins. Umhverfisáhrifin verða metin út frá þeim gögnum og upplýsingum sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Skipulagsferli - kynning og samráð

Landeigandi og skipulagsráðgjafi leggja áherslu á gott samstarf við nærliggjandi landeigendur, sveitarstjórn og skipulagsyfirvöld. Sveitarstjórn Flóahrepps mun sjá um kynningarferli lýsingar sem og deiliskipulags er verður svo auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Helstu umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Minjastofnun og Matvælastofnun.

Skipulagsferlið er eftirfarandi:

Lýsing deiliskipulagsáætlunar:

Júlí – sept. 2015

- Samantekt lýsingar og meðferð skipulagsnefndar Flóahrepps
- Samráð við Skipulagsstofnun
- Afgreiðsla sveitarstjórnar á lýsingu deiliskipulagsáætlunar
- Almenn kynning á lýsingu
- Úrvinnsla eftir kynningu

Deiliskipulag:

Sept. – des. 2015

- Tillaga að deiliskipulagi, uppdráttur og greinargerð
- Tillaga lögð fyrir skipulagsnefnd
- Tillaga fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar
- Umsögn viðkomandi aðila og stofnana
- Auglýsing tillögu að deiliskipulagi (6 vikur)
- Umfjöllun skipulagsnefndar og úrvinnsla athugasemda
- Umfjöllun sveitarstjórnar
- Samþykkt tillaga send Skipulagsstofnun til athugunar og staðfestingar
- Staðfesting deiliskipulags með auglýsingu í Stjórnartíðindum

Sú tímaáætlun sem hér er getið er til viðmiðunar og kann að breytast á meðan skipulagsferlinu stendur.

Selfossi 27. júlí 2015

María Bjarnadóttir
EFLA verkfræðistofa

Breytingar/Viðbætur 26.08.2015:

Kafla um umhverfisáhrif bætt inn í greinargerð.